



# ÁRSSKÝRSLA

## VÍSINDASJÓÐS

Félags framhaldsskólakennara  
og Félags stjórnenda í framhaldsskólum  
2017

„Reynslan er móðir allra vísinda“

Múhameð spámaður

Stjórn Vísindasjóðs FF og FS (Vís) skipa fyrir hönd FF Ólafur Þórisson (MS) sem er formaður og Jón Ragnar Ragnarsson (MH), meðstjórnandi. Lilja S. Ólafsdóttir (MB) var fulltrúi FS og gegndi stöðu ritara til vors 2017 en á aðalfundi FS í byrjun júní lét hún af störfum og Kolbrún Kolbeinsdóttir (TS) tók við embætti. Varamenn eru Gísli Þór Sigurþórsson (MS) fyrir FF og Dröfn Viðarsdóttir (FVA) fyrir FS. Starfsmaður sjóðsins í 50% starfi er Steinunn Inga Óttarsdóttir.

Stjórnin fundaði alls ellefu sinnum á árinu 2017, fundargerðir má lesa á vef KÍ: <http://ki.is/um-ki/annad/fundargerdir>). Úthlutunar- og verklagsreglur sjóðsins voru endurskoðaðar í samvinnu við stjórnir FF og FS á sameiginlegum fundi stjórnanna, 27. september 2017, til samræmingar (sjá fskj. 1).

Bókhaldsgögn fyrri stjórnar, s.s. laun stjórnar og staðgreiðsla skatta, lögfræðikostnaður, bílastyrkur, húsaleiga og ýmsir aðrir reikningar hafa enn ekki verið afhent þrátt fyrir ítrekaðar óskir þar um. Loks var ákveðið að fela Gísla Hall, lögfræðingi, að innheimta gögnin svo hægt væri að ganga frá bókhaldi 2016. Endaði málið fyrir Héraðsdómi. Eftirfarandi var bókað í fundargerðir 2017 um gagnaskil fyrri sjóðsstjórnar:

#### 18. janúar

„4. GAGNASKIL. Vantar skilagreinar vegna iðgjalda, kvittanir og hreyfingar af bankareikningi. JRR hefur aftur samband við Erlu Elínu vegna málsins.“

#### 1. febrúar

„7. UPPGJÖR BÓKHALDS 2016 - GAGNASKIL FRÁ FYRRI STJÓRN. JRR hafði samband við Erlu Elínu - það sem uppá vantar kemur í lok vikunnar.“

#### 15. febrúar

„4. UPPGJÖR BÓKHALDS 2016 - GAGNASKIL FRÁ FYRRI STJÓRN. Stjórn Vísindasjóðs sendir formlegt bréf (ábyrgð) til Erlu Elínar Hansdóttur þar sem óskað er eftir lokaskilum á gögnum.“

Viðtakandi:

Erla Elín Hansdóttir - Skúlagötu 44 - 101 Reykjavík  
fv. formaður stjórnar Vísindasjóðs FF og FS

Efni: Skil gagna

Á síðasta stjórnarfundum Vísindasjóðs lýsti stjórn sjóðsins yfir áhyggjum sínum vegna tafa á afhendingu gagna sjóðsins. Sjóðnum hafa borist gögn tengd umsóknum og styrkjum en hann hefur ekki fengið bókhaldsgögn fyrir árið 2016.

Vinna við endurskoðun og gerð ársreiknings dregst óhóflega af þessum sökum. Það er mikilvægt að núverandi stjórn fái gögnin svo að endurskoðun geti farið af stað.

Við viljum biðja fyrirverandi stjórn vinsamlegast að skila gögnum í síðasta lagi föstudaginn 24. febrúar.

Með vinsemd og virðingu,  
Fh. Vísindasjóðs FF/FS

#### 15. mars

„4. ENDURSKOÐUN BÓKHALDS 2016. GAGNASKIL FRÁ FYRRI STJÓRN. GUÐRÍÐUR ARNARDÓTTIR BOÐIN Á FUNDINN. Upplýst var að bókhaldsgögn fyrir 2016 (önnur en þau sem fylgja styrkumsóknum) hafi ekki enn borist. Rætt var um mögulegar aðgerðir. Ákveðið var að fela lögfræðingi KÍ að innheimta bókhaldsgögnin sem vantar, með öllum tiltækum ráðum.“

#### **17. maí**

„2. Innsetningarkrafa Vísindasjóðs vegna gagnaskila. Málið er í vinnslu, ferli komið af stað, getur tekið nokkrar vikur.“

#### **21. júní**

„6. ÖNNUR MÁL • Innsetningarkrafa Vísindasjóðs vegna gagnaskila. Málið verður tekið fyrir nk. föstudag hjá Héraðsdómi Reykjavíkur.“

#### **23. ágúst**

„1. Umboð til lögfræðings KÍ vegna niðurfellingar dómsmáls Vísindasjóðs FF og FS gegn KÍ var undirritað.“

#### **27. september**

„2. UM HEIMTUR Á BÓKHALDI 2016 FRÁ FYRRI STJÓRN VÍSINDASJÓÐS Guðríður Arnardóttir fór yfir aukaaðalfundinn í apríl í fyrra og þá staðreynd að bókhaldsgögn frá fyrri stjórn hafa ekki enn borist. Ekki er enn hægt að endurskoða reikningana 2016. Því er ekki ljóst hver fjárhagsstaðan er nákvæmlega. Grípa þarf til innsetningaraðgerðar til að ná bókhaldsgögnum, fyrirtaka næsta föstudag.“

#### **1. nóvember**

„2. UM HEIMTUR Á BÓKHALDI 2016 FRÁ FYRRI STJÓRN, MÁLSMEÐFERÐ VAR 25. OKTÓBER SL. Úrskurður mun berast innan fjögurra vikna frá málsmeðferð. Stjórn mun bíða úrskurðar og funda næst þegar hann hefur borist. 2. UM HEIMTUR Á BÓKHALDI 2016 FRÁ FYRRI STJÓRN, MÁLSMEÐFERÐ VAR 25. OKTÓBER SL. Úrskurður mun berast innan fjögurra vikna frá málsmeðferð. Stjórn mun bíða úrskurðar og funda næst þegar hann hefur borist.“

#### **22. nóvember**

„2. AÐFARARBEIÐNI VEGNA BÓKHALDSGAGNA Stjórn ákveður að aðhafast ekki frekar í málinu og bíða aðalfundar 2018.“

Af þessu sést að málið kostaði stjórnina tíma og fyrirhöfn. Um miðjan nóvember hafnaði Héraðsdómur Reykjavíkur beiðni stjórnar Vísindasjóðs um að fá bókhaldið afhent, þó ekki á grundvelli ólögmetis aukaaðalfundarins eins og fyrri stjórn hafði haldið fram, heldur taldi dómari að ekki væri hafið yfir allan vafa að til hans hefði verið boðað með lögsmætum hætti á grundvelli laga FF. Hins vegar er ekkert í ályktun úrskurðarins sem gefur tilefni til þess að ætla að núverandi stjórn sjóðsins sé „umboðslaus“ eða „ekki rétt kjörnir fulltrúar FF í stjórn“ (eins og segir í bréfi frá tveimur fulltrúum FF í fyrri stjórn, dags. 15. janúar 2018, sjá fskj. 2), ekki frekar en fyrri stjórn sjóðsins enda var boðað með sama hætti til reglulegs aðalfundar 2014 þegar sú stjórn var kosin. Þótti nú fullreynt að fá gögnin og ekki lagt í frekari aðgerðir en ákveðið var að skoða hvort hægt væri að afla gagna með því að rekja rafræna reikninga fyrir árið 2016 og raða þannig púslinu saman að mestu, svo hægt væri að endurskoða og loka bókhaldsárinu.

Stjórnin fór í heimsókn til Rannís 13. september og kynnti sér styrkjafyrirkomulag þar á bæ. Haldinn var fundur með stjórnnum FF og FS þann 29. september þar sem m.a. var farið yfir

verklagsreglur sjóðsins eins og vera ber og þær samræmdar við lög beggja félaganna. Allar styrkuppþæðir eru óbreyttar frá fyrra ári.

Hér má sjá helstu upplýsingar um **úthlutun styrkja 2017**:

<b>Styrkur</b>	<b>Fjöldi afgreiddra umsókna</b>	<b>Samtals úthlutað kr.</b>
A 84000 kr 100% starf	1391	93,420435
B Skólaheimsóknir	305 (10 skólar) <sup>1</sup>	28,153,073
B Einstaklingsstyrkur	222	26,682,175
B ECTS einingar	77	8,140,083
B Námsorlof	27	7,638,000
<b>SAMTALS</b>	<b>2023</b>	<b>164,033,766</b>

Umsóknir í Vís. eru aðeins færri en árið á undan, afgreiddar umsóknir 2016 voru 2096 en 2017 voru þær 2023, árið 2015 voru um 1850 styrkir veittir og rétt rúmlega 1800 árið 2014 (skv. skýrslu stjórnar frá 8. apríl 2016, <http://visindasjodur.is/skiologskyrslur/>). Uppþæðir styrkja eru óbreyttar.

Hér má sjá yfirlit um úthlutun styrkja í milljónum, 2014, 2015, 2016\* og 2017:

<b>Úthlutun styrkja</b>	<b>2014</b>	<b>2015</b>	<b>2016</b>	<b>2017</b>
A styrkur	73,9	71,3	93	93,4
B Skólaheimsókn	12,8	33,5	24	28,1
B Einstakl.styrkur	28,8	9,9	35,3	26,7
B ECTS einingar	6,1	5,8	8,5	8,1
B Námsorlof	7,6	8,5	11,2	7,6
<b>SAMTALS</b>	<b>128,9</b>	<b>129,2</b>	<b>172,2</b>	<b>164</b>

\*Sjá ársskýrslu Vís. 2016

Á sameiginlegum fundi sjóðstjórnar og stjórnar FF og FS, 27. september 2017, var krafa um skil á brottfararspjöldum lögð af en samkvæmt upplýsingum frá ríkisskattstjóra er ekki skilyrði að framvísa brottfararspjöldum þegar kostnaður sem fylgir ferð vegna endurmenntunar er talinn fram á skattframtali á móti styrk.

Unnið var að uppfærslu og lagfæringum á Mínum síðum á árinu með tilfallandi kostnaði. Mest munar um virkni sem heitir Hvenær losnar, sem kallar fram handhægar upplýsingar. Bókhaldskerfið DK hefur verið notað fyrir sjóðinn í áraraðir til að taka á móti og afgreiða umsóknir, færa inn skilagreinar frá launagreiðendum o.fl., og er algerlega aðskilið frá DK-kerfi

<sup>1</sup> FAS, FNV, FSN, FSU, MA, MB, MK, MS, TS, VMA

KÍ. Einungis starfsmaður sjóðsins, sem fer yfir og samþykkir umsóknir, og gjaldkeri KÍ, sem greiðir styrkina út, hafa aðgang að DK-kerfi Vísindasjóðs.

Gerður var þjónustusamningur við KÍ um afnot af húsnæði, þjónustu galdkera o.fl., sem undirritaður var 5. desember 2017, sjá fskj. 3.

Kostnaður er að því að hýsa starfsemi og skrifstofu sjóðsins á Laufásvegi 81 nemur samtals 1.637.466 , þ.e. hlutur sjóðsins í launum gjaldkera sem er 632.000 krónur og starfstengdur kostnaður miðað við 50% stöðugildi, 1.005.466 krónur. Launakostnaður starfsmanns í hálfu starfi er 5.195.852 kr og laun stjórnar eru 954.514 kr. Samtals 7.787.832 kr. Sjá nánar í ársreikningum sjóðsins.

Staðan á bankareikningi sjóðsins 31. desember 2017 var 226.507.563 kr.

Starfsemi sjóðsins gengur vel. Sjóðsstjórn fundar að jafnaði einu sinni í mánuði og hægt er að beina erindum til hennar í netfangið visffogfs@ki.is.

Það er skýr stefna sjóðsstjórnar að Vísindasjóðurinn sé sjálfstæð eining sem starfar innan vébanda KÍ og dafni þar í friði og sátt til framtíðar.

Reykjavík, 13. mars 2018

Ólafur Þórisson

Formaður stjórnar Vísindasjóðs FF og FS

## Reglur Vísindasjóðs FF og FS

1. Tilgangur Vísindasjóðs FF og FS er að stuðla að símenntun eigenda sjóðsins með fjárhagslegum stuðningi. Eigendur sjóðsins eru félagsmenn Félags framhaldsskólakennara og Félags stjórnenda í framhaldsskólum, sem greitt hafa iðgjöld í þrjá mánuði að lágmarki. Komi umsækjandi úr öðru félagi innan KÍ en FF/FS er hann styrkhæfur ef samanlögð félagsaðild nær þremur mánuðum.
2. Tekjur sjóðsins eru kjarasamningsbundin iðgjöld vinnuveitenda af mánaðarlegum dagvinnulaunum félagsmanna FF og FS í framhaldsskólum sem samið er um í kjarasamningum FF og FS svo og vaxtatekjur.
3. Stjórn Vísindasjóðs FF og FS er skipuð þremur fulltrúum, tveimur fulltrúum frá Félagi framhaldsskólakennara og einum fulltrúa frá Félagi stjórnenda í framhaldsskólum og einum varafulltrúa að auki frá hvorum aðila, sem kjörnir eru á aðalfundum FF og FS. Nýkjörin stjórn velur sér formann á fyrsta fundi nýrrar stjórnar og skiptir með sér verkum. Ef formaður lætur af störfum á kjörtímabilinu skipar sjóðsstjórn nýjan formann úr sínum hópi. Hverfi aðalmaður úr stjórn tekur varamaður sæti í hans stað.
4. Allur kostnaður af starfi sjóðsstjórnar og starfsemi sjóðsins greiðist af Vísindasjóði FF og FS svo og sú þjónusta sem KÍ veitir sjóðnum skv. ákvörðunum stjórnar KÍ og þings KÍ og með samningum við stjórn Vísindasjóðs.
5. Reikningar sjóðsins skulu birtir með reikningum FF og FS. Þeir skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðendum á vegum KÍ og af kjörnum skoðunarmönnum FF og FS.
6. Stjórn Vísindasjóðs skal að jafnaði halda stjórnarfund annan hvern mánuð og oftast ef þörf krefur. Skrá skal alla fundi stjórnar, dagskrá og ákvarðanir og samþykktir stjórnar.
7. Hlutverk sjóðsstjórnar er að hafa umsjón með og bera ábyrgð á þeim fjármunum sem vinnuveitendur greiða til sjóðsins skv. kjarasamningum. Stjórnin skal fyrst og síðast hafa hagsmuni félagsmanna FF og FS að leiðarljósi.
8. Stjórn Vísindasjóðs setur sjóðnum úthlutunarreglur, ber ábyrgð á þeim og úthlutar fjármunum samkvæmt þeim úthlutunarreglum sem gilda hverju sinni. Til að úthlutunarreglur öðlist gildi þarf samþykki allra stjórnarmanna sjóðsins. Sjóðsstjórn endurskoðar úthlutunarreglur einu sinni á ári.
9. Fyrirhugaðar breytingar á úthlutunarreglum skal bera undir stjórnir FF og FS til samþykktar.
10. Úthlutunarreglur skulu kynntar og auglýstar á heimasíðum FF og FS, félagsmönnum til upplýsingar og leiðbeiningar og á fundum FF og FS eftir atvikum.
11. Ef ágreiningur rís, getur félagsmaður vísað máli sínu til stjórnar FF eða FS eftir því sem við á. Stjórnir félaganna gæta hagsmuna félagsmanna gagnvart stjórn Vísindasjóðs í þeim málum.
12. Reglur (verklagsreglur) Vísindasjóðs eru settar af sjóðsstjórn í samstarfi við stjórnir FF og FS. Verklagsreglum sjóðsins er einungis hægt að breyta að fenginn staðfestingu stjórnar FF og FS. Stjórnirnar skulu kynna félagsmönnum reglurnar og breytingar á þeim.
13. Aðalfundir FF og FS taka afstöðu til grundvallarbreytinga á skipulagi og uppbyggingu sjóðsins.

**Þessar reglur voru samþykktar á sameiginlegum fundi stjórnar FF, FS og Vísindasjóðs í Kennarahúsinu, þann 27. september 2017**

Reykjavík 15. janúar 2018

Ólafur Þórisson og Jón Ragnar Ragnarsson

Við, undirritaðar, skrifum þetta bréf sem réttkjörnir fulltrúar FF í stjórn Vísindasjóðs FF og FS í umboði löglegs aðalfundar FF vorið 2014. Við höfum gefið ykkur verulegt svigrúm og sýnt mikla þolinmæði í bið eftir frágangi mála í samræmi við niðurstöður héraðsdóms í innsetningarmáli ólögmætrar stjórnar Vísindasjóðs FF og FS nr. A-386/2017 undir forystu formanns FF, Guðríðar Arnardóttur en ekkert bólar á viðbrögðum.

Samkvæmt dómi Héraðsdóms tókst ykkur ekki að sýna fram á lögmæti svonefnds auka-aðalfundar 7. nóvember 2016 og er því ljóst að þær kosningar sem þar fóru fram eru ekki lögmætar. Þið eruð því ekki rétt kjörnir fulltrúar FF í stjórn Vísindasjóðs FF og FS og eruð þið því með öllu umboðslausir.



Í dómi Héraðsdóms felst að þið getið aldrei hafa talist prókúruhafar fyrir hönd Vísindasjóðs FF og FS. Öll ykkar stjórnarstörf eru þar með einnig ólögmæt.

Nú er mál að valdbeitingu ykkar gagnvart lögkjörnum undirrituðum stjórnarfulltrúum ljúki og þannig verði niðurstaða dómsins virt.

Við væntum viðbragða ykkar án ástæðulausra tafa og innan viku frá dagsetningu þessa bréfs.

Erla Elín Hansdóttir

Linda Rós Michaelsdóttir



# Þjónustusamningur

## 1. gr.

### Samningsaðilar.

Samningsaðilar eru Kennarasamband Íslands kt. 501299 3329 og Vísindasjóður félagsmanna í FF og FS kt. 681190 1029.

## 2. gr.

### Samningsgögn.

Þjónustusamningi þessum fylgja eftirfarandi gögn:

#### Fylgiskjal 1

Skipting ábyrgðar.

#### Fylgiskjal 2

Verkbættir sem unnir eru af skrifstofu KÍ.

#### Fylgiskjal 3

Skema yfir kostnaðarskiptingu

## 3. gr.

### Markmið

Markmið samningsins er að veita félagsmönnum KÍ sem besta þjónustu á sem hagkvæmastan hátt og nýta samlegðaráhrif sem nást fram með samvinnu sjóða innan KÍ.

## 4. gr.

### Þjónusta.

KÍ sér um að þjónusta sjóðina hvað varðar rekstur skrifstofu og fjármál, sjá nánar í fylgiskjali 2.

## 5. gr.

### Samskipti

Stjórn sjóðsins, fulltrúar KÍ, FF og FS skulu árlega halda samráðsfund þar sem farið er yfir framkvæmd samningsins.

## 6. gr.

### Fjármál.

Sjóðurinn greiðir KÍ hlutfall skv. skema yfir kostnaðarskiptingu byggða á gögnum frá endurskoðendum KÍ. (sjá fylgiskjal 3) Sjóðurinn greiðir sjálfur kostnað vegna stjórnar sjóðsins, s.s fundarkostnað, laun og risnu.

## 7. gr.

### Lausn ágreinings..

Komi upp ágreiningur um framkvæmd samningsins skal honum vísað til formanna FF og FS og KÍ til umsagnar.



**8. gr.**

**Endurskoðun og gildistími.**

Samninginn skal endurskoða árlega sbr. 5. gr. Hann framlengist sjálfkrafa sé honum ekki sagt upp með 6 mánaða fyrirvara.

Frumrit samnings þessa skal vistað í skjalakerfi KÍ.

Reykjavík, dags.

F.h. stjórnar Vísindasjóðs FF og FS

F.h. Kennarasambands Íslands

---

---

---

---

---

---

---

---

---

---